

**Ed.**

## **590. Frumvarp til laga**

um heimild fyrir kaupstaði og hreppsfélög til að koma á þegnskylduvinnu.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

### **1. gr.**

Heimilt er bæjarstjórnnum og hreppsnefndum, með samþykki atvinnumálaráðherra, að stofna til þegnskylduvinnu eftir þeim reglum, sem felast í lögum þessum.

### **2. gr.**

Nú vill hreppsnefnd eða bæjarstjórn öll eða meiri hluti þeirra stofna til þegnskylduvinnu samkvæmt lögum þessum, eða þeim berast bréflugar áskoranir um það frá minnst  $\frac{1}{5}$  hluta kjósenda innan umdæmisins, og er henni þá skylt að láta atkvæðagreiðslu fara fram um málið á venjulegan hátt, en áður skal halda almennan fund um það, verði því við komið. Fundur eða atkvæðagreiðsla um málið sé boðað með hálfmánaðar fyrirvara, og sé þá að jafnaði auglýst, hvaða verkefni eigi að leysa með þegnskylduvinnunni, hve mörg ár samþykktin eigi að gilda, og hve lengi vinnan skuli vara fyrir hvern þegnskyldan mann. Ef minnst  $\frac{3}{5}$  hlutar kosningarbærra manna í sveitamálefnum, sem atkvæði greiddu, hafa goldið jákvæði tillögunni um þegnskylduvinnu, enda hafi að minnsta kosti hehningur kjósenda tekið þátt í atkvæðagreiðslunni, er samþykktin orðin bindandi, að fenginni staðfestingu atvinnumálaráðherra.

### **3. gr.**

Þegnskylduvinna nær til allra heimilisfastra, vinnufærra karlmanna á aldrinum 16—25 ára, eftir því sem ákveðið er í reglugerð. Enginn er þó þegnskyldur lengur en þrjú ár samtals. Þegnskylduvinna má vara allt að hálfum mánuði fyrir hvern einstakling árlega, og eigi lengur samtals en 6 vikur.

Þeir, sem þegnskyldu inna af hendi, skulu fá þóknun, er nægi þeim til greiðslu fæðis og dvalarkostnaðar meðan vinnan stendur yfir. Teljast útgjöld þessi með kostnaði við framkvæmd þegnskylduvinnunnar.

### **4. gr.**

Nú hefur hreppsfélag eða kaupstaður gert samþykkt um þegnskylduvinnu og ráðherra staðfest samþykktina, og skal þá skipuð þegnskylduvinnunefnd til 4 ára í senn.

Í hreppsfélögum kys hreppsnefnd einn mann í þegnskylduvinnunefnd, skólanefnd annan, en ráðherra skipar formann.

Í kaupstöðum skipar ráðherra formann þegnskylduvinnunefndar, en bæjarstjórn kys aðra nefndarmenn.

Heimilt er, með samþykki ráðherra, að fela skólanefndum störf þegnskylduvinnunefnda.

Þegnskylduvinnunefnd skal gera frumvarp til reglugerðar um tilhögun og framkvæmd þegnskylduvinnunnar, er ráðherra staðfestir þá þegar, eða að gerðum þeim breytingum, er hann telur nauðsynlegar. Nefndin úrskurðar og um það, hverjir skuli inna af hendi þegnskylduvinnu á hverju ári. Undanþágur eða frestir skulu veittir, ef um veikindi eða aðrar gildar ástæður er að ræða. Þegnskylduvinnunefnd ræður kennara og verkstjóra við þegnskylduvinnu.

### **5. gr.**

Í þegnskylduvinnu má vinna að hverju því verkefni, sem til framfara horfir eða almenningsheilla, svo sem hvers konar jarðrækt, vegagerð, skógrækt, sundlauga- og leikvallagerð, skólahúsbyggingum o. fl.

Þegnskylduvinnunefnd ákveður verkefnið og hefur umsjón með framkvæmdum í samráði við þær stjórnardeildir, sem ráðherra felur yfirumsjónina.

6. gr.

Þegnskylduvinnunefnd skal árlega gera áætlun um kostnað af framkvæmd þegnskylduvinnu. Skal áætlunin lögð fyrir hreppsnefnd eða hajarstjórn til staðfestingar og síðan send ráðherra.

Ríkissjóður greiðir hálfan kostnað af þegnskylduvinnu samkvæmt áætlun af því fé, sem árlega er veitt á fjárlögum í þeim tilgangi, en hreppssjóður eða bæjarsjóður hálfan kostnað og þann kostnað, er verða kann umfram áætlun.

Nú er útlit fyrir, að fjárveiting hrökkvi ekki fyrir eftirspurn eftir þegnskylduvinnustyrk, og skal þá ráðherra tilkynna svo fljótt sem auðið er um fjárhæð væntanlegs styrks.

7. gr.

Nú kemur þegnskyldur maður ekki til vinnu eftir fyrirlagi þegnskylduvinnunefndar, og sætir hann þá sektum, er nema tvöföldu dagkaupi við sams konar störf fyrir þau dagsverk, er tapast. Sektir renna í hreppssjóð.